

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 72/2002**

**frá 25. júní 2002**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2001 frá 11. desember 2001 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/288/EB frá 3. apríl 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/53/EBE um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum í tengslum við innlendar tilvísunarrannsóknastofur fyrir fisksjúkdóma <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/293/EB frá 30. mars 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/70/EB um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum í tengslum við innlendar tilvísunarrannsóknastofur fyrir fisksjúkdóma sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki við um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 93/53/EBE):

„- **32001 D 0288:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/288/EB frá 3. apríl 2001 (Stjtið. EB L 99, 10.4.2001, bls. 11).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 99, 10.4.2001, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 100, 11.4.2001, bls. 30.

2. Eftirfarandi bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 95/70/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0293:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/293/EB frá 30. mars 2001 (Stjtið. EB L 100, 11.4.2001, bls. 30).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2001/288/EB og 2001/293/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.